

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að útvega umgetnar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 13. dag nóvembermán.

Nr. 5/1911:

Hjálmar Sigurðsson
gegn
G. Gíslason & Hay.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði hið stefnda firma G. Gíslason & Hay fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfryjandanum Hjálmari kaupmanni Sigurðssyni í Stykkishólmi til greiðslu á verzlunarviðskiftaskuld að upphæð 2158 kr. 68 a. auk vaxta frá 1. jan. 1910, en upphæðina færði stefndi síðar undir rekstri málsins niður um 1500 kr. Hjálmar Sigurðsson höfðaði gagnsókn gegn firmanu og krafðist hjá því bóta fyrir vanefndir á samningum m. m., 5000 króna með vöxtum, eða til vara fullkomnari reikningsskila að viðlögðum dagsektum. Málið var dæmt í nefndum rétti 31. desbr. f. á. á þá leið, að áfryjandinn var skyldaður til að greiða stefnda 658 kr. 68 a. með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1910 til borgunardags, og stefndu voru sýknaðir af kröfum áfryjanda í gagnsóknarmálinu. Málskostnaður í aðalsök og gagnsök var látinn falla niður. Þessum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 15. febr. þ. á., og krafist þess, að hann

verði alsýknaður af kröfum stefndu í málinu, en að stefndu verði skyldaðir til að greiða sér alt að 5000 krónum í bætur fyrir vanefndir á samningum og vanhöld á ýmsum afsláttum, sem stefndu hafi ranglega haldið fyrir honum, svo og til vaxtagreiðslu og málskostnaðar að skaðlausu; en til vara hefir hann krafist þess, að stefndu verði dæmdir til, að viðlögðum dagsektum, að leggja fram sundurliðaða frumreikninga fyrir kaup á útlendum vörum fyrir áfryjanda og sölu á íslenzkri vöru fyrir hann eða slútseðla fyrir greindri sölu eða að minsta kosti til að leggja fram afskriftir af öllum þeim bókum, er þeir héldu um viðskifti við hann, svo og til að greiða málskostnað eftir mati réttarins. Stefndu hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 8. apríl þ. á., og krafist þess, að firmanu auk upphæðar þeirrar með vöxtum, er dómurinn nefnir, verði dæmdir 6% ársvextir af 1500 krónum frá 1. jan. 1910 til 9. júní s. á. og málskostnaður með 125 krónum eða til vara eftir réttarins mati.

Með því að málsskjölin bera það ekki með sér, að leitað hafi verið um sættir í gagnsóknarmáli því, er aðaláfrýjandi höfðaði gegn firmanu G. Gíslason & Hay fyrir gestaréttinum, þá ber að vísa því frá undirdómi.

Hvað ágreining málsaðila að öðru leyti snertir, eru málavextir þessir: Hinn 24. marz 1909 gjörðu málsaðilar, sem höfðu haft samningsbundin verzlunarviðskifti síðan 1905, nýjan samning um framhald viðskiftanna og var aðalinntak þess samnings: 1. stefndu tóku að sér að kaupa útlendar vörur og selja íslenzkar vörur fyrir áfryjanda gegn 2 1/2% ómakslaunum; 2. áfryjandi skyldi greiða á tilteknum tímum í viðskiftareikning sinn við

stefndu ákveðnar fjárhæðir í peningum eða íslenskum vörum eftir því verði er stefndu fengi selt þær fyrir, og vera skuldlaus við stefndu 31. desbr. 1909; 3. áfrýjandi skyldi greiða 6% ársvexti af skuldinni við stefndu eins og hún væri á hverjum tíma, en stefndu svara áfrýjanda 6% ársvöxtum af andvirði íslenzku vörunnar frá sölu-degi til nýjárs, 1. jan. 1910; 4. öll skuld áfrýjanda við stefndu skyldi fallin í gjalddaga ef áfrýjandi héldi eigi samninginn og áfrýjandi þá greiða 5% af skuld sinni og skyldu reiknast einnig þar af 6% ársvextir. En yrðu sammingsrof af hálfu stefndu, skyldi áfrýjandi laus við vaxtagreiðslu frá þeim degi; 5. afrit af verzlunarbókum stefndu skyldi vera full sönnun fyrir skuld áfrýjanda, nema hann gæti sannað hið gagnstæða.

Samkvæmt reikningi stefndu yfir viðskifti þeirra aðilanna eftir að samningurinn 24. marz 1909 var gjörður, en af þeim reikningi hefir verið lagt fram í yfirdóminum staðfest eftirrit úr verzlunarbókum stefndu, skuldaði áfrýjandi stefndu 1. jan. 1910 að meðtöldum áskildum skaðabótum fyrir greiðsluvanskil rúmlega hina umstefndu upphæð, 2155 kr. 68 aur., en 9. júní 1909 voru greiddar upp í skuldina af áfrýjanda hálfu eins og áður er sagt 1500 kr. og varð þá sjálf skuldin, auk vaxta, 658 kr. 68 a., sem áfrýjandi var með gestaréttardóminum skyldaður til að greiða stefndu.

Áfrýjandi hefir nú bygt neitun sína að greiða skuld þessa á því, að í reikningi stefndu vanti að færa honum til góða afslátt á útlendum vörum, er stefndu hafi keypt fyrir hann sem umboðsmenn hans, en tekið til sín, og afslátt á farmgjaldi, er eins hafi farið um, og svo muni honum eigi hafa verið talið til góða óskert verð það, er

fengist hafi fyrir íslenzkar vörur, er stefndu hafi selt fyrir hann. Telur áfrýjandi að stefndu hafi með þessu haft af honum þau ár öll, 1905—1909, er þeir hafi haft á hendi umboðsmensku fyrir hann, alls að minsta kosti 5000 kr.

Áfrýjandi hefir þó ekki getað fært neinar sönnur á það, að reikningur stefndu sé rangur í þessu tilliti, eða að þar vanti að tilfæra nokkuð honum til góða, hvorki fyrir né síðar. Krafa hans um sýknun af þessari ástæðu verður því ekki tekin til greina og skaðabótakrafa hans kemur ekki til álita þegar af þeirri ástæðu, að gagnsökinni var vísað frá undirrétti.

En þá kemur til álita varakrafa áfrýjanda um að stefndu verði dæmdir til að gjöra honum fyllri reikningskil, með því að láta honum í té frumreikninga frá verzlunarhúsum þeim, er stefndu hafi verzlað við fyrir áfrýjanda, eða að minsta kosti afrit af öllum bókum stefndu, er þeir hafi fært yfir viðskifti þeirra aðilanna, einnig faktúrubækur og »sluttseðla«bækur o. s. frv. Telur áfrýjandi sig eiga heimting á slíkum sönnunargögnum frá stefndu hálfu, þar sem hér sé um venjulegar verzlunarumboðskröfur að ræða, og sérstaklega þar sem hann hafi ástæðu til að gruna, að honum hafi ekki komið til góða allar þær ívilnanir frá heildsöluhúsum þeim, er stefndu skiftu við fyrir hann, er þau veittu, og honum bar svo sem umbjóðanda. Þessi krafa áfrýjanda getur eins og málið liggur fyrir að eins komið til álita sem krafa um sýknun að svo komnu, vegna vantandi reikningsskila. Í þessu tilliti sést það af málinu, að áfrýjandi hefir sjaldnast fengið aðrar faktúrir eða reikninga, en þá sem útgefni hafa verið af stefndu sjálfum, en þetta hefir átt sér stað alla tíð meðan viðskiftin milli málsaðilanna hafa stað-

ið, og áfrýjandi aldrei kvartað yfir því eða beiðst frekari reikninga eða sannanagagna, og er hann, eftir að viðskiftin höfðu staðið þannig yfir 4 ár, endurnýjaði samning sinn við stefndu 14. marz 1909, var ekki áskilin eða gjörð nein breyting á þessu, en áfrýjaedi gaf þá, í þeim samningi, viðurkenningu fyrir skuld sinni við stefndu eins og þeir töldu hana þá vera. Nú er svo ákveðið í greindum samningi, að afrit úr verzlunarbókum stefndu skuli vera full sönnun fyrir skuld áfrýjanda, nema hann geti sannað hið gagnstæða, en þetta ákvæði hlýtur að skiljast svo, að með því að leggja fram, eins og stefndu hafa gjört, staðfest og óvefengt afrit af reikningi áfrýjanda í höfuðbókum stefndu — að frekari afritum þarf ekki þetta ákvæði að lúta — hafi stefndu fullnægt sönnunarskyldu sinni gagnvart áfrýjanda um kröfu þeirra á hendur honum, og geti hann því ekki krafist af þeim frekari reikningsskila.

Það verður því að fallast á það, að gestaréttardómurinn hefir dæmt áfrýjanda til að greiða stefndu umræddar 658 kr. 68 a. ásamt 6% vöxtum frá 1. jan. 1910 til borgunardags, en auk þess verður einnig að skylda hann samkvæmt gagnkröfu stefnda til að greiða þeim hina sömu vexti af 1500 krónum þeim, er fyr er getið, frá 1. jan. 1910, til þess tíma, er þær voru greiddar stefndu, 9. júní 1910. Svo verður og eftir þessum úrslitum samkvæmt gagnkröfu stefndu og ákvæði fyrgreinds samnings að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað allan, er virðist hæfilega ákveðinn 80 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gagnsókn áfrýjanda vísast frá gestaréttinum. Áfrýjandinn Hjálmar Sigurðsson greiði stefndu G. Gíslason & Hay 658 kr. 68 a. með 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1. jan. 1910 til borgunardags og auk þess 6% ársvexti af 1500 krónum frá 1. jan. 1910 til 9. júní s. á. Í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti greiði áfrýjandi stefndu 80 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Nr. 13/1911:

Th. Thorsteinsson

gegn

Tryggva Gunnarssyni, Ásgeiri Sigurðssyni og Jóni Jónssyni fyrir hönd Þilskipaábyrgðarfélagsins við Faxaflóa.

D ó m u r.

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur Th. Thorsteinsson kaupmaður hér í bænnum gegn stefndu, fyrverandi bankastjóra Tryggva Gunnarssyni, Ásgeiri Sigurðssyni konsúl og Jóni Jónssyni útvegsbónda fyrir hönd Þilskipaábyrgðarfélagsins við Faxaflóa, til þess að fá þá fyrir hönd félagsins dæmda til að greiða sér 5000 kr. skaðabætur fyrir skemdir á skipi hans Guðrúnu Sofftu.